

10.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 28.nóvember 2022 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt er util fundar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf var með í síma vegna fjárhagsáætlunar.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árin 2023 – 2026. Fyrri umræða.
2. Þátttaka sveitarfélagsins í nýju samstarfi Velferðarþjónustu Vestfirðinga.
3. Erindi frá HMS varðandi húsnæðisáætlun Árneshrepps fyrir 2023, lagt fram til kynningar og ákvörðunar.
4. Minnisblað vegna gerðar svæðisskipulags vestfirskra sveitarfélaga.
5. Önnur mál.

1. Fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árin 2023 – 2026. Fyrri umræða. Hreppsnefnd þarf að taka ákvörðun um breytta eða óbreytta fasteignaálagningu. Ákveðið var að hafa óbreytta álagningarprósentu af fasteignaskatti fyrir árið 2023:

0,625% af fasteignamati skv. A-lið 3.gr.laga um tekjustofna sveitarfélaga

1,32% af fasteignamati skv. B-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,65% af fasteignamati skv. C-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákveðið var að útsvarsprósentan verður óbreytt eða 14,52%. Ákveðið var að hækka hafnargjöld fyrir árið 2023 um 4%.

Taka þarf ákvörðun um hvernig kostnaður vegna Ljósleiðara Árneshrepps verði greiddur á árinu 2023, hvort tekið verður ytra lán eða frá aðalsjóði sveitarfélagsins gerist þess þörf. Þar með lauk fyrri umræðu um fjárhagsáætlun árána 2023 til 2026, og henni vísað til seinni umræðu.

1. Þátttaka sveitarfélagsins í nýju samstarfi Velferðarþjónustu Vestfirðinga. Hreppsnefnd ákvað að vera með í þessu samstarfi.
2. Erindi frá HMS varðandi húsnæðisáætlun Árneshrepps fyrir 2023, lagt fram til kynningar

og ákvörðunar. Hreppsnefnd ákvað að þiggja boð HMS um fund sem fyrst.

3. Minnisblað vegna gerðar svæðisskipulags vestfirskra sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar og verður tekið fyrir aftur á næsta fundi.
4. Önnur mál.
 - a) Verkefni varðandi þökin á Kaupfélagshúsinu upp á ca. 5 milljónir ef tekið er allt húsið. Ákveðið var að taka elsta þakið á næsta ári og að vel fhuguðu máli var ákveðið að kaupa frekar aluzink.

278.

- a) Ákveðið var taka kostnaðaráætlun varðandi viðgerð á stéttum og tröppum. Kostnaðaráætlun vegna vatnstanksins kemur fyrir seinni umræðeddu voru vegamál, umhverfismatsskýrsla v. Veidileysuháls og fl. Hreppsnefnd telur að eðlilegt sé að byrja norðan megin frá á 1.áfanga, þ.e.a.s. frá Djúpavík og upp á hálsinn. Einnig telur nefndin að nota eigi veglínu A.
- b) Heimasíðan þyrfti að gefa meiri upplýsingar um mál, fundi og fleira.
- c) **Ákvörðun um veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Sorpsamlags Strandasýslu frá Lánasjóði sveitarfélaga.** Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Sorpsamlagi Strandasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 45.000.000,-, með lokagjalddaga þann 5.ágúst 2032, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á sorpbifreið auk tækja sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Evu Sigurbjörnsdóttur, oddvita kt. 240450-2089, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns. Þetta staðfestist hér með.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50.